

GJALDSKRÁ

**fyrir vatnsgjald, notkunargjald og heimæðargjald
hjá Vatnsveitu Garðabæjar.**

1. gr.

Vatnsgjald.

Af öllum fasteignum í Garðabæ sem tengdar eru Vatnsveitu Garðabæjar, skal greiða vatnsgjald árlega til Garðabæjar, nema sérstaklega sé um annað samið.

2. gr.

Stofn til álagningar vatnsgjalds.

Stofn til álagningar vatnsgjalds skal vera 0,13% af fasteignamati allra húsa og lóða samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976, með síðari breytingum.

3. gr.

Gjalddagar.

Gjalddagar vatnsgjalds skulu vera þeir sömu og bæjarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu vatnsgjalds hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

4. gr.

Notkunargjald.

Notkunargjald er 12,00 kr./m³ miðað við vísitölu byggingarkostnaðar í janúar 2006 316,7 og breytist árlega til samræmis við breytingar á þeirri vísitölu.

5. gr.

Heimæðargjald.

Til að standa straum að kostnaði vatnsveitu við lagningu heimæðar frá dreifiað í stofnkrana hús og uppsetningu hans skulu fasteignaeigendur greiða heimæðargjald til bæjarsjóðs Garðabæjar samkvæmt gjaldskrá þessari. Um heimæðargjald fer að öðru leyti eftir lögum um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 81/1991 og reglugerð um reglugerð fyrir vatnsveitur sveitarfélaga nr. 421/1992, sbr. reglugerðir nr. 175/1994 og 614/1994.

6. gr.

Grunnur heimæðargjalda og lágmarksgjald.

Fjárhæð heimæðargjalds miðast við, að ídráttarrör fyrir heimæð hafi verið lagt á frostfríu dýpi frá tengistað vatnsveitunnar við lóðamörk að tengistað mannvirkis (inntaksstað). Ennfremur er miðað við, að lega og frágangur ídráttarrörsins hafi verið tekinn út og samþykktur af vatnsveitunni.

I Íbúðarhús

a) Einbýli, par- og raðhús

32 mm heimtaug grunnjald

78.000 kr./íbúð

Viðbótargjald fyrir heimæð >10 m

800 kr./m heimæðar (umfram 10 m)

Í þeim tilvikum sem Orkuveita Reykjavíkur annast lagningu heimæða samkvæmt samningi Garðabæjar og Orkuveitunnar, skal gjaldið vera samkvæmt gjaldskrá Orkuveitunnar.

- b) Fjölbýli (án „sprinklers“kerfis)
- | | |
|----------------------------------|------------------------------------|
| 40 mm heimtaug grunnjald | 95.000 kr./heimtaug |
| 50 mm heimtaug grunnjald | 115.000 kr./heimtaug |
| 63 mm heimtaug grunnjald | 144.000 kr./heimtaug |
| Viðbótargjald fyrir heimæð >10 m | 1.250 kr./m heimæðar (umfram 10 m) |
- c) Fjölbýli með „sprinkler“ sjá iðnaðarhús

II Iðnaðarhús

75 mm heimtaug grunnjald	188.000 kr./heimtaug
90 mm heimtaug grunnjald (m/„sprinkler“)	208.000 kr./heimtaug
110 mm heimtaug grunnjald (m/„sprinkler“)	242.000 kr./heimtaug
Viðbótargjald fyrir heimæð > 20 m	1.250 kr./m heimæðar (umfram 20 m)

Vanti ídráttarrör eða ídráttarrör reynist ónothæft greiðist 5.600 kr./m vegna skurðgraftar. Reynist nauðsynlegt að fleyga eða sprengja klöpp eða þegar frost er í jörðu bætist eftirfarandi kostnaður við skurðgröft, sem greiðist eftir á:

	Dýpt	Kr./lengdarmetra
Klaki/klöpp	< 30 cm	1.800
Klaki/klöpp	≥ 30 cm	3.600

Sé sótt um byggingarvatn um leið og sótt er um heimæð er gjaldið fyrir byggingarvatnskranu kr. 8.500. Sé aðeins sótt um byggingarvatnskranu greiðist áætlaður kostnaður fyrir tengingu og aftengingu hans.

Viðbótargjald vegna ónothæfs ídráttarrörs skal vera kr. 6.200 á metra.

7. gr.

Greiðsluskilmálar og breyting á fjárhæð gjaldsins.

Heimæðargjald fellur í gjalddaga er vatnsveitan hefur samþykkt beiðni fasteignareiganda um lagningu heimæðar og skal það greitt áður en framkvæmdir eru hafnar við lagningu heimæðar. Gjaldið getur þó fyrst fallið í gjalddaga við útgáfu byggingarleyfis eða úthlutun lóðar sem er í eigu sveitarfélags.

Heimæðargjöld samkvæmt gjaldskrá þessari miðast við byggingarvísitölu í janúar 2006 316,7 og endurreiknast miðað við breytingar á byggingarvísitölu á 6 mánaða fresti (í janúar og júlí).

8. gr.

Ábyrgð á greiðslu gjalda.

Vatnsgjald og heimæðargjald greiðist af hús- og íbúðareiganda og lóðarréttarhafa og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Gjöldin eru tryggð með lögveðsrétti í fasteigninni næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði. Notkunargjald, ásamt áföllnum kostnaði og vöxtum má taka fjárnámi.

9. gr.

Gildistaka gjaldskrár.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af bæjarstjórn Garðabæjar samkvæmt 10. gr. laga nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga og 11. gr. reglugerðar um vatnsveitur sveitarfélaga til að öðlast þegar gildi og gilda í fyrsta sinn við álagningu vatnsgjalds á árinu 2007.

Samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar, 7. desember 2006.

Guðjón Erling Friðriksson bæjarritari.

—————
B-deild – Útgáfud.: 27. desember 2006